

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ

1. gr.

Markmið og gildissvið

Markmið samþykktar þessarar er að

- stuðla að því að meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið,
- stuðla að því að sveitarfélagið nái settum markmiðum fyrir endurvinnslu og urðun úrgangs frá heimilum og rekstraraðilum,
- stuðla að vinnuvernd starfsfólks og veita góða þjónustu við íbúa.

Horft verði til forgangsroðunar við meðhöndlun úrgangs, áhersla lögð á úrgangsforvarnir og mengunarbótareglan - sá geldur sem veldur, höfð að leiðarljósi við ákvörðun gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs.

Samþykkt þessi gildir fyrir úrgang sem fellur undir lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Samþykktin gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, bæði íbúa og rekstraraðila í Kópavogsbæ.

2. gr.

Umsjón og eftirlit

Umhverfissvið Kópavogsbæjar hefur umsjón með málefnum er varða meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar. Sviðið fer með daglega yfirstjórn meðhöndlunar úrgangs samkvæmt samþykkt þessari.

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs, skv. 2. mgr. 4. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 4. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og að farið sé að samþykkt þessari skv. 47. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3. gr.

Söfnun og flokkun úrgangs við heimili

Kópavogsbær sér um söfnun á heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið getur sinnt söfnun úrgangs á eigin vegum eða falið öðrum framkvæmdina.

Sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis er skylt að flokka úrgang við húsnæðið og að nota ílát, merkingar og aðferðir sem sveitarfélagið ákveður. Íbúar skulu flokka heimilisúrgang í að lágmarki sex flokka:

- Lífúrgang

- Pappír/pappa
- Plast
- Textíl
- Málma
- Gler

Sveitarfélagið útvegar ílát fyrir lífúrgang (matarleifar, afskorin blóm, pottaplöntur og eldhúspappír), pappír/pappa, plast og blandaðan úrgang við heimili. Matar- og eldhúsúrgang skal setja í pappírspoka. Ekki er heimilt að nota annað en pappírspoka. Þar sem heimajarðgerð er til staðar er skylt er að vera með ílát fyrir lífúrgang sem nýtist ekki í heimajarðgerð. Tekið er á móti rúmfrekum garðaúrgangi á endurvinnslustöðvum, en óheimilt er að setja hann í ílát fyrir lífúrgang við heimili.

Tekið er á móti a.m.k. gleri, málmum og textíl á grenndar- og endurvinnslustöðvum.

Óheimilt er að setja eftirfarandi úrgangsflokka í ílát fyrir blandaðan úrgang en tekið er á móti þessum úrgangsflokkum frá íbúum á endurvinnslustöðvum:

- Spilliefni eða annan hættulegan úrgang
- Timbur, brotamálm, múrbrot og annan grófan úrgang
- Garðaúrgang, jarðefni og grjót

Lyfjum og lyfjaumbúðum sem komist hafa í snertingu við lyf skal skila í lyfjabúðir.

Kópavogsbær birtir áætlun um hirðutíðni á vefsíðu sinni. Miðað er við að ílát fyrir lífúrgang séu losuð ekki sjaldnar en á 14 daga fresti. Ílát fyrir blandaðan úrgang eru að öllu jöfnu losuð samhliða lífúrgangi. Heimilt er að losa ílát fyrir pappír/pappa og plast sjaldnar og sveitarfélagið ákveður hirðutíðni.

Ganga skal þannig frá úrgangi að ekki stafi af honum hætta fyrir starfsfólk sem sinnir hirðu eða annarri meðhöndlun úrgangs.

4. gr.

Ílát fyrir úrgang við heimili

Að lágmarki skulu vera ílát fyrir fjóra flokka úrgangs við hvert íbúðarhús, þ.e. blandaðan úrgang, lífúrgang, pappír/pappa og plast. [Sveitarfélagið] útvegar ílát til notkunar við íbúðarhúsnæði, önnur en djúpgáma og gáma á yfirborði, sjá 10. gr. Sveitarfélögum er heimilt að setja sér reglur um eignarhald á ílátum. Íbúar bera ábyrgð á að þau séu í góðu ásigkomulagi, hrein og hægt sé að þjónusta þau.

Sveitarfélagið merkir ílátin með samræmdum flokkunarmerkjum. Ílát sem sveitarfélagið útvegar eru eign Kópavogsbæjar og sér það um viðhald á þeim. Íbúar skulu ganga vel um ílátin og bera þeir ábyrgð á þrifum íláta sem þeim eru látn í té. Sveitarfélögin áskilja sér rétt til að breyta og/eða bæta við tegundum íláta í þjónustu.

Ílát fyrir úrgang skulu vera 140L, 240L, tvískipt 240L (144L/96L), 360L eða 660L. Heimilt er að óska eftir að heimilisúrgangur sé hirtur í djúpgámum eða gámum á yfirborði, sbr. 10. gr.

Ílátin skulu rúma þann úrgang sem fellur til frá húsnæðinu milli hirðuumferða og þyngd þeirra ekki vera meiri en svo að hægt sé að færa þau til losunar. Þannig skal taka tillit til þyngdar viðkomandi úrgangsflokks við val á stærð og staðsetningu íláta. Sveitarfélagið getur ákveðið fjölda og stærð íláta telji

það að rýmd fyrir úrgang sem fellur til sé ófullnægjandi eða stærð íláts henta illa til hirðu. Um stærð og fjölda djúpgáma og gáma á yfirborði fer skv. 10. gr.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er húseigendum heimilt að óska eftir breytingum á stærð og fjölda íláta. Slík ósk er þó háð samþykki [Sveitarfélagsins]. Í fjöleignarhúsum þar sem sorpgeymslur og sorpílát eru samnýtt skulu ákvarðanir um fjölda og stærð íláta skal teknar á húsfundum fjöleignarhúsa, sbr. lög nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Í dreifbýli er Kópavogsbæ heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp ílát fyrir heimilisúrgang í alfaraleið í stað þess að sækja úrganginn á hvert heimili. Sé hirða úrgangs færð með þessum hætti skal þjónustustig við hirðu endurvinnsluefna ekki vera lakara en blandaðs úrgangs. Staðsetning íláta skal vera þannig að aðgengi að þeim sé gott. Í ílátin má eingöngu setja heimilisúrgang í samræmi við merkingar á ílátum, þ.e. blandaðan úrgang, lífúrgang, pappír/pappa og plast.

Íbúðareigendur skulu gæta þess að valda ekki skemmdum á ílátunum. Verði ílát fyrir skemmdum af öðrum ástæðum en eðlilegri notkun og sliti getur sveitarfélagið farið fram á að íbúðareigandi greiði fyrir nýtt ílát. Íbúðareigendur skulu halda ílátum hreinum svo ekki skapist heilsuspillandi aðstæður eða óþægindi af völdum þeirra. Haldi íbúðareigendur ílátum ekki hreinum getur sveitarfélagið látið hreinsa ílátin á kostnað íbúðareigenda.

Gæta skal þess að fylla ekki ílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim, flytja og tæma. Tilfallandi umframúrgang sem ekki rúmast í íláti skal losa á grenndar- eða endurvinnslustöðvar, þar sem tekið er við viðkomandi úrgangsflokki.

Ílát verður ekki hirt ef aðstæður hindra hirðuaðila í að sinna þjónustunni. Ástæður geta m.a. verið:

- Ílát inniheldur úrgang sem ekki á að safna eða flokkun úrgangs er röng.
- Ílát er yfirfullt eða stíflað þar sem úrgangi er þjappað í það.
- Ílát finnst ekki eða það vantar lykla að geyslum.
- Ílát eða aðstaða brýtur í bága við reglur Vinnueftirlits eða ákvæði samþykktar þessarar.
- Ekki er hægt að færa ílát að hirðubíl til losunar þar sem leiðin að íláti er lokuð eða ógreiðfær.

5. gr.

Grenndarstöðvar

Kópavogsbær, í samstarfi við önnur sveitarfélög eða með sameiginlegum þjónustusamningum, annast rekstur grenndarstöðva þar á meðal talið hreinsun og þrif, fyrir flokkaðan heimilisúrgang frá íbúum.

Á grenndarstöðvum skal tekið á móti flokkuðum úrgangi frá íbúum til endurnýtingar. Stöðvarnar skulu staðsettar þar sem aðgengi er gott hvort sem er fyrir gangandi, hjólandi eða akandi. Grenndarstöðvar skulu vera í nærumhverfi íbúa og þéttleiki grenndarstöðva skal vera þannig að gætt sé jafnræðis m.t.t. aðgengis íbúa. Í dreifbýli er heimilt að hafa þéttleika lægri en í þéttbýli.

Á grenndarstöðvum skal tekið a.m.k. á móti eftirfarandi úrgangi:

Minni grenndarstöðvar: Gleri, málmum og textíl.

Stærri grenndarstöðvar: Pappír/pappa, plasti, gler, málmum og textíl.

Ílát skulu merkt með samræmdum flokkunarmerkjum. Óheimilt er að losa annan úrgang á grenndarstöð en þá flokka úrgangs sem tilgreindir eru með merkingum á hverri stöð. Óheimilt er að skilja úrgang eftir utan við gáma á grenndarstöðvum.

6. gr.

Endurvinnslustöðvar

Kópavogsbær, í samstarfi við önnur eða með sameiginlegum þjónustusamningum, annast rekstur endurvinnslustöðva. Þéttleika, opnunartíma, gjalddöku og aðrar rekstrarforsendur endurvinnslustöðva skal skilgreina í þjónustusamningi.

Ílát skulu merkt með samræmdum flokkunarmerkjum. Á endurvinnslustöðvum skal tekið á móti flokkuðum úrgangi frá íbúum og rekstraraðilum, m.a.:

- Flokkuðum byggingar- og niðurrifsúrgangi
- Rúmfrekum úrgangi
- Garðaúrgangi
- Spilliefnum

7. gr.

Móttökustöðvar

Kópavogsbær, í samstarfi við önnur sveitarfélög eða með sameiginlegum þjónustusamningum, annast rekstur móttökustöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu og skal tryggja farveg fyrir allan úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Þar er aðstaða til að taka við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar.

Kópavogsbær, í samstarfi við önnur sveitarfélög eða með sameiginlegum þjónustusamningum, hefur umsjón með allri ráðstöfun úrgangs, sérsöfnuðum og blönduðum, sem safnað er frá íbúðarhúsum í sveitarfélaginu. [Sveitarfélagið], í samstarfi við önnur sveitarfélög eða með sameiginlegum þjónustusamningum, ýmist meðhöndlar úrgang, flytur hann til ráðstöfunaraðila eða býður út móttöku á sérsöfnuðum endurvinnsluefnum, sem og fylgir eftir úrgangsstraumum og útvegar staðfestingu á ráðstöfun efnis til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar.

8. gr.

Söfnun, flokkun og ráðstöfun úrgangs hjá rekstraraðilum

Rekstraraðilar skulu flokka heimilisúrgang í að lágmarki eftirfarandi flokka:

- Lífúrgang
- Pappír/pappa
- Plast
- Gler
- Málma
- Textíl

Rekstrarúrgang skulu rekstraraðilar flokka þannig að hámarka megi endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu í þessari forgangsörð.

Rekstraraðilum er skylt að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang í a.m.k.

- Spilliefni
- Timbur
- Steinefni
- Gler
- Málma
- Plast
- Gifs

Sérstök söfnun skal vera á lóð rekstraraðila fyrir þá úrgangsflokka heimilisérgangs sem til falla við starfsemina og tilgreindir eru í 1. mgr. Rekstraraðilar skulu semja við þjónustuaðila, með staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, um söfnun heimilisérgangs og skulu leggja fram staðfestingu þess efnis óski sveitarfélagið eða heilbrigðisnefnd þess. Tryggt skal að fjöldi íláta sé í samræmi við flokkun sem nauðsynleg er og að ílátin rúmi þann úrgang sem fellur til við viðkomandi rekstur milli tæminga eða hirðuumferða. Telji [Sveitarfélag] meðhöndlun heimilisérgangs hjá rekstraraðila ekki samræmast lögum, reglugerðum eða samþykkt þessari er [Sveitarfélagi] heimilt að ákveða fjölda íláta og flokkun. Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum eða ákvæðum samþykktar þessarar er heilbrigðisnefnd heimilt að beita þvingunarúrræðum skv. 66. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, m.a. að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylða.

Þjónustuaðilar sem sinna söfnun heimilisérgangs hjá rekstraraðilum í Kópavogsbæ ber að hafa til þess starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Þjónustuaðilar sem sinna söfnun úrgangs í sveitarfélaginu skulu skila Umhverfisstofnun skýrslu um tegund, magn og uppruna úrgangs sbr. 1. mgr., 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Rekstraraðilar skulu koma í veg fyrir að rekstrarúrgangur safnist fyrir á lóð. Aðstaða rekstraraðila til flokkunar og meðhöndlunar úrgangs, þ.m.t. sorpgeymslur og -gerði skal vera nægilega rúmgóð til að rúma flokkunarílát og úrgang sem fellur til við starfsemina milli tæminga eða hirðuumferða. Óheimilt er að geyma rekstrarúrgang utan lóðar rekstraraðila. Óheimilt er að geyma úrgang þannig að valdið geti ónæði, skaða eða lýta á umhverfi.

Rekstraraðilar í Kópavogsbæ skulu skila öllum úrgangi til þjónustuaðila með skráningu skv. reglugerð 830/2022 og/eða á móttökustöð fyrir úrgang með gilt starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Rekstraraðilum er heimilt að nýta endurvinnslustöðvar til skila á rekstrarúrgangi en skulu greiða fyrir alla móttöku úrgangs skv. gjaldskrá. Rekstraraðilum er óheimilt að nýta grenndarstöðvar eða ruslabíður sem Kópavogsbær rekur til afsetningar á úrgangi.

Mengaðan jarðveg skal færa til viðeigandi meðhöndlunar, sbr. reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Með sóttmengaðan úrgang fer skv. reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og viðauka I með henni.

9. gr.

Geymslur og gerði fyrir söfnun úrgangs

Kópavogsbær leggur til ílát undir úrgang við heimili önnur en djúpgáma eða gáma á yfirborði, sjá 10. Gr. Íbúar skulu ganga þannig frá ílátum, geymslum og gerðum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal geymslum og gerðum við eftir þörfum og þau hreinsuð reglulega. Þau má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Við hönnun á nýjum og breytingar á eldri geymslum og gerðum skal rými fyrir ílát miðast við viðeigandi flokkun og áætlað úrgangsmagn sem til fellur í húsnæðinu og að aðgengi sé gott til losunar íláta. [Sveitarfélagið] gefur út hönnunarviðmið fyrir sorpgeymslur og -gerði sem skal farið eftir.

Sorpílát skulu vera á jarðhæð og standa sem næst aðkomu að lóð þegar losun fer fram eða ekki lengra en 15 m frá lóðarmörkum þar sem því verður komið við. Af ílátum undir úrgang við íbúðarhús sem draga þarf lengra en 15 m að hirðubíl til losunar er heimilt að innheimta viðbótarlosunargjald samkvæmt gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Þar sem fleiri en eitt ílát eru við hús skulu ílát sem ætluð eru sama úrgangsflokki geymd á einum stað en ekki dreift um lóð.

Óheimilt er að staðsetja ílát undir úrgang sem eru þyngri en 40 kg með úrgangi þannig að fara þurfi með þau um tröppur eða mikinn hæðarmun á lóð. Þar sem fara þarf með ílát um tröppur skulu vera á þeim rampar sem draga má ílátin eftir. Gangbraut milli rampa skal vera u.þ.b. 35 m breið og breidd hvers ramps minnst 20 sm.

Halda skal greiðfærri leið að ílátum fyrir úrgang og hreinsa burt snjó á vetrum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að ílátum til losunar. Aðkomuleiðir að ílátum undir úrgang skulu, eftir því sem kostur er, vera upplýstar og upphitaðar svo ekki skapist hætta fyrir starfsfólk við losun ílátanna. Sveitarfélaginu er heimilt að hafna losun íláta telji það aðstæður skapa hættu fyrir starfsfólk sorphirðu og aðgengi eða frágang sorpgeymslu/-gerðis ófullnægjandi.

Séu sorpgeymslur eða -gerði læst skal notast við lyklakerfi sveitarfélagsins. Þar sem fara þarf um lokuð hlið eða hurðir getur sveitarfélagið farið fram á að til staðar sé búnaður, t.d. krækjur, til að halda hurðum og hliðum opnum meðan losun fer fram.

Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

10. gr.

Gámar – Djúpgámar og gámar á yfirborði

Með gámum er átt við bæði djúpgáma og gáma á yfirborði. Með djúpgámum er átt við niðurgrafna gáma sem losaðir eru með krana. Með gámum á yfirborði er átt við ílát sem eru stærri en svo að ekki er hægt að færa þau að söfnunarbíl með handafli. Hífa eða lyfta þarf gámum upp með vélarafli til að tæma þá í söfnunarbíl.

Gámar skulu uppfylla ákvæði staðalsins IST EN 13071 og hönnunarviðmið [Sveitarfélagsins] um úrgangslausnir. Afla skal samþykkis sveitarfélagsins við val á gámum, fjölda þeirra, stærð og staðsetningu.

Kaup gáma, framkvæmdir við gerð og frágang í kringum þá, hvort sem er kassi, gámur, lúga eða annar tengdur búnaður, greiðist af og er á ábyrgð lóðarhafa. Gámar skulu rúma það magn úrgangs sem til fellur frá fasteigninni, miðað við hirðutíðni. Við ákvörðun á fjölda gáma skal minnst gera ráð fyrir fjórum úrgangsflokkum sem safna skal við heimili. Taka skal tillit til þyngdar viðkomandi úrgangsflokks við val á stærð og staðsetningu gáma.

Gámar skulu vera staðsettir á lóð en ekki bæjarlandi. Kópavogsbær getur heimilað fasteignareigendum aðliggjandi lóða að vera með sameiginlega gáma sem staðsettir eru á lóð eða lóðum sem tilheyra fasteignunum. Sameiginlegir gámar eru háðir samþykki byggingarfulltrúa. Sé söfnun úrgangs sameiginleg fyrir aðliggjandi lóðir og færð af lóð mannvirkis skal öll söfnun úrgangs færast af viðkomandi lóð.

Staðsetning gámanna skal vera þannig að losun þeirra hindri ekki aðra umferð og öryggi vegfarenda sé tryggt. Lóðarhafi ber ábyrgð á rekstri gáma, hreinsun og umgengni um lóðina og nánasta umhverfi hennar eins og um annars konar sorpgeymslur sé að ræða. Kópavogsbær áskilur sér rétt að hreinsa lóðina á kostnað eiganda sé talin ástæða til þess.

Staðsetning og frágangur gáma skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir fyrir viðkomandi svæði og hönnunarviðmið Kópavogsbæjar um úrgangslaunir. Miða skal við ákvæði byggingarreglugerðar við ákvörðun fjarlægðar gáma frá inngangi fasteignar.

Að öðru leyti gildir 4. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

11. gr.

Heimild til aukinnar söfnunar

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. er Kópavogsbæ heimilt að veita öðrum aðilum leyfi til aukinnar söfnunar á flokkuðum heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í sveitarfélaginu. Skilyrði er að þjónusta sem veitt er sé meiri en þjónusta sem sveitarfélagið veitir, þ.e. nái til söfnunar á öðrum úrgangsflokkum. Í leyfi skal kveðið á um nánari skilyrði, m.a. uppsagnarákvæði þjónustunnar gagnvart þjónustuþegum. Starfsemi leyfishafa skal vera skráð skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur. Úrganginum skal skilað til móttökustöðvar með gilt starfsleyfi heilbrigðisnefndar til starfseminnar skv. reglugerð nr. 550/2018.

Leyfishafi skal gefa sveitarfélaginu skýrslu um magn úrgangs og flokkun hans, fjölda heimila, fjölda íláta, tíðni losunar og meðferð úrgangsins og aðrar þær upplýsingar sem óskað er eftir. Leyfishafi skal veita gögn til staðfestingar á meðhöndlun úrgangsins, sé þess óskað. Leyfishafi skal veita upplýsingar að eigin frumkvæði fyrir 1. mars ár hvert. Sinni leyfishafi ekki þeim skyldum sem á hann eru lagðar er sveitarfélaginu heimilt að fella leyfið úr gildi að undangenginni viðvörun.

[Sveitarfélagi] er heimilt að veita félögum sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, leyfi til söfnunar á flokkuðum heimilisúrgangi í sveitarfélaginu. Skilyrði er að úrgangurinn nýtist til endurnotkunar að hluta eða öllu leyti. Í leyfi skal kveðið á um nánari skilyrði, m.a. uppsagnarákvæði. Leyfishafi skal gefa sveitarfélaginu skýrslu um magn úrgangs og flokkun hans, fjölda og staðsetningu íláta, meðferð úrgangsins og aðrar þær upplýsingar sem óskað er eftir. Leyfishafi skal veita gögn til staðfestingar á meðhöndlun úrgangsins, sé þess óskað. Leyfishafi skal veita upplýsingar að eigin frumkvæði fyrir 1. mars ár hvert. Sinni leyfishafi ekki þeim skyldum sem á hann eru lagðar er sveitarfélaginu heimilt að fella leyfið úr gildi að undangenginni viðvörun.

12. gr.

Úrgangur á almannafæri

Óheimilt er að skilja úrgang eftir á víðavangi, götum eða gangstéttum eða opnum svæðum. Sama á við um númerslausa bíla, bílflök og sambærilega hluti. Sveitarfélaginu er heimilt að fjarlægja tæki, hluti eða ökutæki og bera eigendur þeirra allan kostnað af þeirri framkvæmd.

13. gr.

Fræðsla og kynningar

Kópavogsbær hefur sjálft, eða í samstarfi við önnur sveitarfélög eða með sameiginlegum þjónustusamningum, hefur umsjón með fræðslu og kynningu um úrgangsmeðhöndlun og úrgangsforvarnir. Setja skal fram upplýsingar um söfnun og aðra úrgangsstjórnun í sveitarfélaginu svo að almenningur, rekstraraðilar og aðrir handhafar úrgangs þekki skyldur sínar, t.d. um losunartíðni íláta við heimili og staðsetningar grenndar-, endurvinnslu- og móttökustöðva.

14. gr.

Úrgangsforvarnir

Úrgangsstjórnun í sveitarfélaginu og flokkun úrgangs skal hvetja til úrgangsforvarna. Gjöld skulu miða við magn úrgangs, rúmmál eða þyngd, svo úrgangshafar borgi í samræmi við það sem hent er. Rekstraraðilar skulu vinna að úrgangsforvörnum.

Í fræðslu- og kynningarefni á vegum sveitarfélagsins skal lögð áhersla á úrgangsforvarnir. Kópavogsbær skal í samstarfi við önnur sveitarfélög, eða með sameiginlegum þjónustusamningi, vinna að því að skapa markað fyrir endurnotkun.

15. gr.

Gjaldtaka

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Gjöld skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, sbr. einnig 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld fyrir söfnun á heimilisúrgangi og rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva innheimtist með fasteignagjöldum á sömu gjalddögum.

Gjald fyrir heimilisúrgang skal miðast við fjölda og stærð íláta og tegund úrgangs. Einnig er heimilt að miða gjaldið við vegalengd sem draga þarf ílát við losun. Sé þessu breytt breytist gjaldið miðað við hluta úr ári reiknað í vikum. Sveitarfélagið annast skráningu íláta og skiptingu gjalds á eigendur.

Gjald fyrir rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva er lagt á allar íbúðir að undanskildu atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu.

[Sveitarfélagið], í samstarfi við önnur sveitarfélög eða með þjónustusamningum, gefur út gjaldskrá fyrir móttöku úrgangs á endurvinnslustöðvum og móttökustöð.

Til tryggingar greiðslu samkvæmt gjaldskrá í 2. mgr. er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Hirðugjöld eru ekki endurgreidd falli hirða niður af ástæðum sem tilgreindar eru í 8. mgr., 4. gr. samþykktarinnar. Þá verða hirðugjöld ekki endurgreidd verði tafir á hirðu vegna t.d. færðar eða bilana.

16. gr.

Kvartanir, ábendingar og kærur

Hafi íbúi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma henni á framfæri við sveitarfélagið eða aðila með þjónustusamning, eftir því sem við á. Heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins hefur eftirlit með að farið sé að ákvæðum samþykktar þessarar sbr. 2. gr.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir skv. samþykkt þessari til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála sem starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011.

17. gr.

Viðurlög

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og einnig 13. kafla laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Um stjórnvaldssektir og viðurlög vegna óheimilar losunar úrgangs fer skv. 67. gr. a. í lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og lögreglusamþykkt Kópavogsbæjar.

18. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi **var samþykkt af bæjarráði Kópavogsbæjar** og staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 51, um meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ.

GREINARGERÐ STARFSHÓPS

Almennur kafli

Drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs eru unnin af starfshópi á vegum SSH og í sitja fulltrúar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og yfirfarin og staðfærð af Kópavogsbæ. Unnið hefur verið að aukinni samræmingu á hirðu úrgangs á svæðinu. Aukin samræming á samþykktum sveitarfélaganna styður við það verkefni. Hér eru lögð fram drög að samþykkt og mun hvert og eitt sveitarfélag aðlaga þau atriði sem ekki er kostur á að samræma að svo stöddu.

Skoðað var að sameina heilbrigðissamþykktir og samþykkt um úrgang en starfshópurinn telur að betur fari á að svo verði ekki gert. Í heilbrigðissamþykkt er tekið á umgengni innan lóða og annað sem ekki fellur undir úrgangsmál.

Í 5., 6., 7., 13. og 14. gr. samþykktarinnar er vísað til þjónustusamninga sem eru í gildi eða verða gerðir við Sorpu varðandi verkefni sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hyggjast vinna í samstarfi.

Drög að samþykktum voru send til heilbrigðisnefnda á höfuðborgarsvæðinu, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis og óskað eftir óformlegum umsögnum eða ábendingum. Eru þeim þakkaðar góðar ábendingar.

Um 1. gr.

Markmiðin taka mið af nýlegum breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs. Vísað er til umhverfisáhrifa, vinnuverndar og markmiða sem sveitarfélög skulu ná um endurvinnslu og urðun úrgangs.

Samþykktin gildir um úrgang sem fellur undir lög um meðhöndlun úrgangs. Annar úrgangur er t.d. sláturúrgangur og dýrahær, sem falla undir matvælalöggjöf og eru því ekki til umfjöllunar hér.

Skýrt er að samþykktin gildir bæði um íbúa og rekstraraðila. Með rekstraraðila er átt við einstakling eða lögaðila sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

Um 2. gr.

Skilgreint er hver fer með umsjón úrgangsmála hjá sveitarfélaginu samkvæmt samþykkt þessari. Einnig er dregið fram eftirlitshlutverk heilbrigðisnefnda með meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu.

Um 3. gr.

Sveitarfélagið sér um söfnun á heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum en getur boðið verkið út.

Sett er skýrt fram að íbúar skulu flokka heimilisúrgang í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs. Tilgreint er hvar er tekið á móti þessum úrgangsflokkum. Að auki eru tilgreindir úrgangsflokkar ekki má setja í ílát fyrir blandaðan úrgang og skila skal á endurvinnslustöðvar.

Skýlt er að setja matarleifar í pappírspoka til að tryggja góða endurvinnslu lífúrgangs í gas- og jarðgerðarstöðinni Gaju. Pokum er í dag dreift endurgjaldslaut í verslunum en ekki er tilgreint í samþykktinni hvar megi nálgast þá, því mögulega breytist dreifing á pokunum með tímanum. Íbúum er

heimilt að vera með heimajarðgerð sbr. 4. mgr., 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Þó er skylt er að vera með ílát fyrir lífúrgang við hvert heimili fyrir úrgang sem ekki nýtist í heimajarðgerð.

Tilgreint er að spilliefnum skuli skila á endurvinnslustöðvar. Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 skal safna spilliefnum í nærumhverfi. Í nýrri reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023 sem samþykkt var í júlí sl. er nærumhverfi skilgreint sem nánasta umhverfi einhvers, t.d. hverfið sem hann býr í. Söfnun spilliefna á endurvinnslustöðvum samræmist því ekki lögunum og þarf að endurskoða hvernig spilliefnum er safnað á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að það næst ekki fyrir gildistöku samþykktar þessarar en starfshópur sem vann drög að samþykktinni leggur til að sett verði í gang vinna við að greina leiðir til að uppfylla kröfu um að safna spilliefnum í nærumhverfi íbúa, eins og kemur fram í nýrri reglugerð.

Tilgreint er að skila skuli lyfjum og lyfjaumbúðum í lyfjabúðir.

Sveitarfélögin hyggjast birta áætlun um hirðutíðni á vefsíðum sínum, sem geta einnig verið hirðudagatöl. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hirða öll lífúrgang á 14 daga fresti og blandaðan úrgang samhliða. Áætlunin er að halda hirðu á blönduðum úrgangi þannig þar til meiri reynsla er komin á árangur flokkunar og tryggt að lítið sé af lífrænum úrgangi í þeim blandaða.

Söfnun á endurvinnsluefnunum pappír/pappa og plasti er nú ýmist á tveggja, þriggja eða fjögurra vikna fresti í sveitarfélögunum. Hirðutíðni þessara þurru endurvinnsluefna er ekki háð eðli úrgangsins líkt og fyrir lífúrgang heldur rýmd í sorpílátum og aðstæðum í sorpgeymslum og -gerðum og kostnaði við hirðu. Ekki er sett fram tiltekin hirðutíðni í samþykktinni því reynsla þarf að komast á nýtt kerfi.

Vísað er til vinnuverndar varðandi frágang úrgangs.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um gerð íláta, merkingar, umgengni og viðhald. Tekið er fram hver á ílátin, en það er mismunandi milli sveitarfélaga. Í Hafnarfirði eiga íbúar ílát við heimahús og mun Hafnarfjarðarbær aðlagð orðalag greinarinnar að því. Stærðir sorpíláta sem boðin eru í hverju sveitarfélagi eru mismunandi. Sem dæmi eru sum sveitarfélögin með 140L ílát eða 360L ílát en önnur ekki. Sveitarfélögin aðlagð orðalag greinarinnar að fyrirkomulag hjá sér.

Heimilt er að óska eftir djúpgámum eða gámum á yfirborði og nánar er fjallað um það í 10. gr.

Í fjöleignarhúsum er heimilt að óska eftir ílátum af annarri stærð en skilyrt er að ílátin rúmi úrgang sem fellur til milli hirðuumferða og taka þarf tillit til vinnuverndarsjónarmiða. Fara skal eftir lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, varðandi ákvarðanir um fjölda, tegund og stærð sorpíláta þar sem breytingar hafa áhrif á hirðugjöld íbúa viðkomandi húss.

Fjallað er um umgengni við ílátin og viðhald. Sveitarfélög sem ekki eiga ílát aðlagð þessa grein.

Sveitarfélaginu er heimilt að útfæra sorphirðu í dreifbýli á annan hátt en í þéttbýli, í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Sett er ákvæði um að hirðuaðila sé heimilt að skilja ílát eftir geti hirðuaðili ekki losað þau af tilgreindum ástæðum. Í þeim tilfellum er íbúa tilkynnt um að ílát hafi ekki verið losað með merkingu við sorpílát, límmiða, og ástæðu þess að ekki hafi verið losað. Íbúar þurfa að bíða næstu losunar, losa ílát á næstu

endurvinnslustöð eða óska eftir aukahirðu sé hún í boði hjá viðkomandi sveitarfélagi. Ferli fyrir tilkynningu er ekki útfært í samþykktinni.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að Sorpu verði falið að hafa umsjón með rekstri grenndarstöðva. Í greininni er farið yfir hvaða efnum er tekið á móti að lágmarki og hvaða viðmið eru sett varðandi staðsetningu þeirra.

Á grenndarstöðvum er tekið við heimilisúrgangi frá íbúum en ekki rekstraraðilum.

Skilgreindar eru tvær gerðir af grenndarstöðvum, stærri og minni gerð. Skilagjaldsskyldar umbúðir eru ekki tilgreindar í samþykktinni þó þeim sé safnað í dag á stöðvunum. Ekki er lagaleg skylda til að safna þeim á grenndarstöðvum. Skýrt er að óheimilt er að skilja úrgang eftir utan við gámana.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að Sorpu verði falinn rekstur endurvinnslustöðva líkt og er nú. Vísað er til þjónustusamnings varðandi þéttleika stöðvanna og rekstrarforsendur. Á endurvinnslustöðvum er tekið við úrgangi frá íbúum og rekstraraðilum.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að Sorpu verði falið að tryggja farveg fyrir úrgang sem fellur til á höfuðborgarsvæðinu. Sorpa bs. rekur móttökustöð og getur ýmist meðhöndlað úrganginn á eigin vegum, komið honum til endurvinnslu annars staðar eða boðið út ráðstöfun úrgangsins. Ákvæðið er nýtt í samþykktum sveitarfélaganna um meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélögin bera ábyrgð á að geta tekið við öllum úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að Sorpa bs. taki þá ábyrgð og verði falið að stýra hvernig farið er með úrgang frá íbúum.

Gert er ráð fyrir að Sorpu verði falið að fylgja eftir úrgangsstraumum og fá staðfestingu á ráðstöfun efna, til að tryggja að efni fari í þá ráðstöfun sem ætlað er og til að bæta gæði gagna um úrgang.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um skyldu rekstraraðila til að flokka úrgang og skyldu til að koma úrgangi í viðeigandi meðhöndlun.

Úrgangur hjá rekstraraðilum er þríþættur; heimilisúrgangur, rekstrarúrgangur og byggingar- og niðurrifsúrgangur. Ólíkar kröfur eru í lögum um þessar gerðir úrgangs og því er hver og ein tekin fyrir í sérstakri málsgrein. Rekstraraðilum er óheimilt að nýta grenndarstöðvar og ruslastampa.

Starfshópurinn leitaði til Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis um leiðbeiningar við túlkun á nýlegum ákvæðum í lögum og reglugerð um söfnun á heimilisúrgangi hjá rekstraraðilum og hvort ábyrgð sveitarfélaga á söfnun frá rekstraraðilum sé aukin frá því sem nú er. Það er mat ráðuneytisins að 8. gr. laga nr. 55/2003 um söfnun og meðhöndlun úrgangs hafi ekki breyst með hringrásarlögunum.

Fyrirkomulag við hirðu á heimilisúrgangi frá rekstraraðilum sé ekki breytt þó svo ný reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023 kveði á um að sveitarfélög beri ábyrgð á reglulegri tæmingu íláta fyrir heimilisúrgang hjá lögaðilum. Hins vegar sé hirða heimilisúrgangs grunnþjónusta sem ekki megi falla niður og sveitarstjórn beri ábyrgð á því. Í drögum að samþykkt er því gert ráð fyrir að rekstraraðilar semji beint við þjónustuaðila við söfnun á heimilisúrgangi en sveitarfélagið geti gripið inn í telji það söfnun og

flokkun á heimilisúrgangi ekki í samræmi við lög og reglugerðir. Þá er gerð krafa um að rekstraraðilar geti sýnt fram á að þeir hafi samning við þjónustuaðila um hirðu á heimilisúrgangi og að þjónustuaðilar skili tölulegum upplýsingum svo meta megi hvort markmiðum sé náð. Heilbrigðisnefnd getur beitt þvingunarúrræðum og m.a. látið vinna verkið á kostnað rekstraraðila.

Varðandi rekstrarúrgang og byggingar- og niðurrífsúrgang getur rekstraraðili samið við þjónustuaðila á sama hátt og fyrir heimilisúrgang, eða þá að rekstraraðili kemur úrganginum sjálfur á endurvinnslustöðvar og greiðir fyrir móttöku þar.

Sömu kröfur gilda um rekstraraðila og heimili varðandi fjölda íláta sem og kröfur um sorpgerði og geymslur eftir því sem við á.

Nýtt ákvæði er sett um mengaðan jarðveg. Verið er að vinna að lausnum fyrir þann úrgangflokk.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um eignarhald á ílátum, sorpgeymslur og -gerði og aðlaga sveitarfélögin greinina, ef aðstæður eru aðrar.

Skerpt er á ákvæðum um vinnuvernd starfsfólks við hirðu og tæknilegar kröfur settar um ílát, geymslur, aðgengi og þess háttar.

Sorpílát skulu standa sem næst aðkomu að lóð þegar losun fer fram. Launakostnaður er um 70% af kostnaði við hirðu og mikill kostnaður er fólgin í að færa sorpílát að hirðubíl við losun. Til að mynda þarf hirðustarfsmaður að ganga 100m við losun á hverju íláti sem stendur 25 m frá losunarbíl en 20m standi það 5m frá losunarbíl. Til að hvetja íbúa til að hafa sorpílát sem næst losunarbíl þegar losun fer fram er sveitarfélaginu veitt heimild til að leggja á viðbótar losunargjald standi ílát lengra en 15 metra frá losunarbíl. Um er að ræða heimild en ekki skyldu þar sem sveitarfélögin eru ekki öll undirbúin fyrir innheimtu sem tekur mið af fjarlægð íláta frá losunarbíl. Íbúar þar sem ílát standa fjarri losunarbíl, s.s. aftan við hús, greiða þannig fyrir þann viðbótar kostnað sem því fylgir. Sveitarfélagið ákveður akstursleið og biðstaði losunarbíla.

Um 10. gr.

Greinin er ítarlegri en í eldri samþykktum, byggt á fenginni reynslu af djúpgámum. Gert er ráð fyrir að gefin verði út hönnunarviðmið fyrir úrgangslausrir við íbúðarhús þar sem nánar er tilgreint hvernig ganga skuli frá úrgangslausrum, sorpgeymslum, -gerðum og -gámum.

Með gámum á yfirborði er átt við gáma líkt og eru á grenndarstöðvum, og því er opið fyrir að fjöleignarhús setji upp aðgangsstýrða gáma sem eru á yfirborði en ekki niðurgrafir djúpgámar.

Fjallað er um möguleika á að aðliggjandi lóðir séu með sameiginlega gáma og er það háð samþykki byggingafulltrúa.

Um 11. gr.

Opið er fyrir að veita þjónustuaðilum heimild til að bjóða aukna þjónustu, t.d. söfnun við heimahús á gleri, málmum eða textíl. Þjónustan skal vera umfram grunnþjónustu sem sveitarfélag veitir þ.e. nái til annara úrgangsflokka en sveitarfélagið safnar við íbúðarhús. Með umfram þjónustu er ekki átt við aukna hirðutiðni.

Heimild er fyrir góðgerðarsamtök, íþróttafélög eða önnur félög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni til að safna úrgangi til endurnotkunar, t.d. fatnaði og öðrum textíl. Þar sem sveitarfélagið ber ábyrgð á söfnun úrgangsins skal sækja um leyfi og skila upplýsingum um m.a. magn.

Um 12. gr.

Heimilt er að fjarlægja ökutæki og hluti sem eru á almannafæri, t.d. gangstéttum eða opnum svæðum, á kostnað eiganda. Starfshópurinn ræddi að setja einnig inn ákvæði um umgengni á lóðum og almannafæri sem eru í gildandi heilbrigðissamþykktum. Ákveðið var að taka það ekki inn í samþykkt um úrgang, enda fjalla þau um óskyld atriði.

Um 13. gr.

Nýtt ákvæði er um fræðslu og kynningarmál. Fjallað um úrgangsmeðhöndlun í sveitarfélaginu og einnig úrgangsforvarnir, en sveitarfélögum ber lagaleg skylda til að fræða um báða þætti. Gert er ráð fyrir að Sorpu verði falin umsjón með fræðslu- og kynningarstarfi en að hvert og eitt sveitarfélag kynni hirðuáætlun eða hirðudagatal sitt.

Um 14. gr.

Ný grein þar sem aðgerðir sveitarfélagsins varðandi úrgangsforvarnir eru teknar saman, þ.e. gjaldtaka í samræmi við BÞHE, áhersla í fræðsluefni og stuðningur við endurnotkun. Beint er til rekstraraðila að vinna að úrgangsforvörnum. Gert er ráð fyrir því að Sorpa bs. vinni að því að skapa markað fyrir endurnotkun og verður það útfært í þjónustusamningi.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu innheimti sorphirðugjald háð fjölda og stærð sorphílata og tegund úrgangs en sveitarfélögin hafa hingað til, utan Reykjavíkur, innheimt fast gjald á íbúð. Breytt gjaldtaka er í samræmi við ný ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 um að hirðugjald skuli taka mið af umfangi úrgangs, svokallað "borgað þegar hent er". Fjallað verður um skiptingu kostnaðar í fjöleignarhúsum í gjaldskrá.

Í 8. mgr., 4. gr. samþykktarinnar eru tilgreindar ástæður sem valda því að sorphílát verða ekki losuð. Litið er svo á að íbúi þurfi að tryggja að losun geti farið fram og meðhöndlun úrgangs sé í samræmi við samþykktina og fæst hirðugjald ekki endurgreitt geti hirðuaðili ekki framkvæmt losun. Eins fæst hirðugjald ekki endurgreitt verði tafir á hirðu af óviðráðanlegum orsökum s.s. vegna færðar og bilana. Sorphirðugjöld eru áætluð og ákveðin í gjaldskrá og byggja á meðaltalskostnaði við hirðu hverju sinni. Þó hirða falli niður í eitt eða fleiri skipti hefur það ekki endilega áhrif á heildarkostnað. Hirðugjöldum verður því ekki breytt nema verulegar breytingar verði á áætlun.

Um 16. gr.

Greint er frá kvörtunar og kæruleiðum.

Um 17. gr.

Greint er frá viðurlögum sem beita má. Samkvæmt 67. gr. a. í lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 hefur Umhverfisstofnun heimild til að beita stjórnvaldssektum sé úrgangur losaður annarsstaðar en í móttökustöð eða sorphílát. Einnig er í lögreglusamþykktum sveitarfélaganna kveðið á

um að ekki megi henda rusli á almannafæri nema í þar til gerð ílát og ekki megi fleygja rusli á lóð eða land annars manns. Viðurlög skv. lögreglusamþykkt eru að viðkomandi skuli flytja óhreinindi burt tafarlaust og eins er heimild til að beita stjórnvaldssektum.

Starfshópur sem vann að þessari samþykkt telur mikilvægt að Umhverfis-, auðlinda og loftslagsráðuneytið skýri betur beitingu stjórnvaldssekta vegna óheimilar losunar úrgangs en það vandamál hefur aukist á undanförunum árum og mun aukast með breyttri innheimtu hirðugjalda - svokallað “borgað þegar hent er”. Meðal annars þarf ráðuneytið að skilgreina í reglugerð fjárhæð stjórnvaldssekta sbr. 2. mgr., 67. gr. a. í lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Um 18. gr.

Hvert og eitt sveitarfélag tilgreinir samþykktir sem falla úr gildi, þ.m.t. núgildandi samþykkt um meðhöndlun úrgangs.